

Nr. 18-195 S 136 Hannes Þ. Hafstein**Tók niðri í höfn**

Skipaskr.nr.: 2593
 Útgerð: Björgunarbátasjóður SVFÍ Suðurnes
 Smíðaður: England 1982, trefjaplast
 Stærð: 44,21 brl. 40,73 bt.
 Mesta lengd: 15,82 m Skráð lengd: 14,80 m
 Breidd: 5,20 m Dýpt: 2,70 m
 Vél: Caterpillar 600 kw, 1982
 Fjöldi skipverja: ??



Hannes Þ. Hafstein © Ríkarður Ríkarðsson

Gögn:
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 25. október 2018 var björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein að fara úr höfn í Sandgerði. Djúprista: 1,6 m. Veður: NA kaldi. Stórstraumsfjara Sandgerði kl. 12:39

Kl. 12:24 kom útkall vegna vélarvana báts (*Valþórs GK 123*) grunnt út af Garðskaga sem rak hratt að landi. Björgunarskipið ætlaði til aðstoðar en þegar það var komið u.þ.b. 30 m frá bryggjunni kom mikið högg undir skipið. Það hafði tekið niðri án þess að festast en skrífa og öxull skemmdust og titringur kom á skipið. Ákveðið var að sigla á annarri vélinni en jafnframt óskað eftir aðstoð annars báts. Vélarvana báturinn var tekinn í tog þar til annar bátur, Vonin, kom og tók við drættinum.



Hannesi Þ. Hafstein var siglt til Njarðvíkur en þar kom í ljós að skrífubúnaður var skemmdur.

Mynd 1 Lega björgunarskipsins og staðsetning ankersins

Við rannsókn kom fram:

- að kafað var í höfninni og í ljós kom að stórt steypu anker fyrir flotbryggju stóð 40 cm upp úr botni hafnarinnar og var það ómerkt;
- að sjávarhæð var lág og skv. mælingu björgunarsveitar var dýpið á þessum tíma u.þ.b. 2,5 m og þá átti eftir að falla meira út en minnsta dýpi átti að vera um 2,4 m samkvæmt sjávarfallatöflum kl. 12:39;
- að dýpið á þessum tíma niður á ankerið var u.þ.b. 1,7 m;
- að eftir atvikið var belgur settur við ankerið (sjá mynd 3) en fram kom hjá hafnarstjóra að enginn belgur væri þar nú;
- að fleiri steinanker eru í höfninni og engar merkingar við þau.

*Mynd 2 Mynd af ankerinu**Mynd 3 Belgurinn****Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að það hafi verið óviðunandi að ankerið hafi verið ómerkt.